

313. fundur

Fimmtudaginn 5. febrúar 2026, kl. 14:00 kom verðlagsnefnd búvara saman í atvinnuvegaráðuneytinu. Fundinn sátu: Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hrannar Már Gunnarsson, Rafn Bergsson, Pálmi Vilhjálmsson, Steinunn Bragadóttir og Sigurbjörg Ottesen. Hálfdán Óskarsson boðaði forföll. Þá sátu einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson og Kristín Sigfúsdóttir, ATRN.

Þetta gerðist á fundinum.

Formaður tók eftirfarandi fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Farið var yfir þróun verðlagsgrundvallar kúabús frá síðustu verðlagningu, sem tók gildi 17. nóvember 2025 og byggði á verðlagsgrundvelli septembermánaðar. Kostnaðarliðir hafa hækkað um 0,89% frá september til desember 2025. Byggir sá útreikningur á nýjustu gildum þeirra vísitalna sem notaðar eru til framreiknings verðlagsgrundvallar, þ.e. vísitölugildi frá september til desember. Fjallað var um nýja útgáfu af flokkunarkerfi í vísitölu neysluverðs og áhrif á verðlagsgrundvallar, sem eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Þá var rætt um mismun metins kostnaðar í verðlagsgrundvelli og afurðaverðs. Lagt fram svar ráðuneytis við erindi BÍ um efnið. Umræður um verðlagningu eftir krónutölubreytingum verðlagsgrundvallar fremur en prósentubreytingum og samspil ríkisstuðnings og afurðatekna. Ákveðið var að sérstakur umræðufundur yrði haldinn að fjórum viknum liðnum. Fundargögn og kynningar verða undirbúin í aðdraganda fundarins. Að lokinni yfirferð og umræðum var verðlagsgrundvöllur staðfestur.

2. Iðnaðarlíkan

Farið yfir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva. Við síðustu verðákvörðun í nóvember 2025 var afurðaverð til bænda hækkað um 0,18% en ákveðið var að geyma heildsöluverðshækkun til næstu verðlagningar. Síðast var því verðlagt á heildsölustigi 8. september, byggt á niðurstöðum iðnaðarlíkans í júní. Því var litið til þróun iðnaðarlíkans frá júní til desember 2025 að þessu sinni og var reiknuð hækkunarþörf vinnslu- og dreifingarkostnaðar 0,90%. Að lokinni yfirferð yfir helstu forsendur og umræður voru niðurstöður iðnaðarlíkansins staðfestar.

3. Verðákvörðun

Að loknum umræðum um niðurstöður verðlagslíkana og þróun kostnaðarliða síðustu mánuði var lögð fram tillaga um verðlagningu. Lagt til að lágmarksverð til bænda yrði hækkað um sem nemur breytingu verðlagsgrundvallar frá september til desember 2025 og heildsöluverð hækki um sem nemur veginni hækkun lágmarksverðs frá 1. september og hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar frá júní til desember. Tillagan var samþykkt. Lágmarksverð mjólkur til bænda hækkar um 0,89% úr 141,39 kr./ltr í 142,65 kr./ltr þann 6. febrúar og heildsöluverð mjólkur og mjólkurvara um 0,89% þann 16. febrúar.

4. Erindi SAM til verðlagsnefndar

Lagt fram erindi SAM um skilgreiningu á efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur lágmarksverðs til framleiðenda skv. 8. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Í lágmarksverði mjólkur er miðað við að 50% af verðinu sé greitt samkvæmt fituinnihaldi og 50% próteininnihaldi. Miðað er við meðalefnainnihald mjólkur síðustu þrjú ár og er niðurstaða útreikninga að viðmiðunarinnihald sé 4,21% fita og 3,37% prótein. Nefndin staðfesti þessa viðmiðun á mjólkurverði.

5. Önnur mál

Engin.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:30.

Tryggvi Þór Herbertsson

Arnar Freyr Einarsson